


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	ÍSLE2HS05 Fjarnám Námsáætlun vorönn 2020	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 5		

Kennari	Sigríður Albertsdóttir	Sk.st.	SAL
----------------	------------------------	---------------	-----

Ritun og málnotkun

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er unnið með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Auk þess verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðarsmíð. Fjallað verður um mismunandi birtingarform texta eftir miðlum og skrifaðar ólíkar gerðir ritsmíða, m.a. heimilda- og rökfærsluritgerðir þar sem nemendur hafa ákveðið val um viðfangsefni. Unnið með grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Nemendur vinna og kynna munnlega eigin verkefni, hver fyrir sig og/eða með öðrum. Áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum í ritgerðasmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu rökfærsluritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rita rökfærsluritgerðir sem krefjast gagnrýnnar hugsunar
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og flétta efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- flytja munnlega efni af ýmsu tagi og ræða eigin niðurstöður og annarra með málefnalegum hætti
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ÍSLE2HS05 Fjarnám Námsáætlun vorönn 2020	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 5		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði
- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal.

10. útgáfa frá 2010. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

Íslenska eitt. Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (Mál og menning, 2006).


Efni frá kennurum. **Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: andlag**

Skáldsagan *Spor* eftir Lilju Sigurðardóttur, hvaða útgáfa sem er. Kaupa má rafrænt eintak bókarinnar á: http://www.ebaekur.is/Author/252451/lilja_sigurdardottir/.


ÍSLE2HS05 Les- og vinnuhefti, pdf-skjal á Moodle.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotu númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/ verkefni	Vægi námsmats- þátta
Lota 1 (3 vikur) 13. janúar til 3. febrúar	Orðflokkar og stafsetning <i>Íslenska eitt</i> bls. 129-157, 24-26, 51-54. Stafsetning, orðflokkgreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni (<i>ÍSLE2HS05 Les- og vinnuhefti</i>). 27. janúar skila nemendur verkefni í málfræði og stafsetningu sem	Sjá upplýsingar á Moodle.	Verkefni í málfræði og stafsetningu (5%) Heimapróf á Moodle (5%)


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 5	ÍSLE2HS05 Fjarnám Námsáætlun vorönn 2020	

	gildir 5% af lokaeinkunn. Yfirferðinni lýkur með heimaprófi á Moodle sem gildir 5% af lokaeinkunn. Prófið verður opið síðustu viku lotunnar, þ.e. 27. janúar til 3. febrúar Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 10%.		
Lota 2 (2 vikur) 3. febrúar til 17. febrúar	Setningafræði Farið verður í gerðir setningarhluta; frumlag, umsögn, andlag, sagnfyllingu, einkunn, forsetningarliði, atviksliði og tengiliði. (Sjá bls. 19 og 20 í <i>Les- og vinnuhefti</i> og bls. 158 - 168 í <i>Íslensku eitt</i>). Ýmis æfingaverkefni unnin (bls. 19 - 26 í <i>Les- og vinnuhefti</i>). Eitt skilaverkefni er í lotunni (10%). Skilað skal í síðasta lagi mánudaginn 17. febrúar. Í þessari lotu er gott að huga að lestri skáldsögunnar <i>Spor</i> , sjá næstu lotu.	Sjá upplýsingar á Moodle.	Skilaverkefni á Moodle (10%)
Lota 3 (3 vikur) 17. febrúar til 9. mars	Spor <i>Spor</i> eftir Lilju Sigurðardóttur. Nemendur lesa skáldsöguna og vinna tvö verkefni úr sögunni, krossapróf og bókarskýrslu. Krossaprófið úr sögunni gildir 5% af lokaeinkunn. Það verður opið á Moodle dagana 24. febrúar til 2. mars. Lotunni lýkur síðan á því að nemendur vinna bókarskýrslu sem gildir 10% af lokaeinkunn. Síðasti mögulegi skiladagur bókmenntagreiningar er 9. mars. Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 15%.	Sjá upplýsingar á Moodle.	Krossapróf á Moodle (5%) Bókarskýrsla (10%)
Lota 4 (ein vika)	Heimildavinna	Sjá upplýsingar	Heimildaverkefni

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 5	ÍSLE2HS05 Fjarnám Námsáætlun vorönn 2020	

9. mars til 16. mars	<u>Handbók um ritun og frágang</u> bls. 13, 23-27, 38-53, 67-81, 82-93/96-105, 118-122. Farið verður yfir helstu atriði sem tengjast heimildaskráningu. Nemendur vinna verkefni þar sem reynir á rétta uppsetningu heimildaskrár. Síðasti mögulegi skiladagur er 16. mars. Verkefnið gildir 5% af lokaeinkunn.	á Moodle.	(5%)
Lota 5 (4 vikur) 16. mars til 13. apríl	Rökfærsluritgerð <u>Handbók um ritun og frágang</u> bls. 16, 23-27, 38-53, 118-122. Farið í byggingu rökfærsluritgerða og framsetningu tilvitnana og tilvísana inni í texta. Nemendur skrifa litla rökfærsluritgerð með heimildum. Ritgerðin skal vera 5 efnisgreinar í allt; inngangurinn er ein efnisgrein, meginmálið þrjár efnisgreinar og lokaorðin ein. Í meginmálinu þarf að vitna með viðeigandi hætti í þrjár mismunandi heimildir, sem kennari gefur upp, og setja upp heimildaskrá (sjá 4. lotu). Ritgerðin gildir 15% og henni skal skila í síðasta lagi mánudaginn 20. apríl. Nemandi sem ekki skilar ritgerðinni (og um tilskilið efni) fyrirgerir rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn.	Sjá upplýsingar á Moodle.	Rökfærsluritgerð (15%)


Námsmat og vægi námsþátta:

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 5 af 5	ÍSLE2HS05 Fjarnám Námsáætlun vorönn 2020	

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi
Verkefni	Heimaverkefni í málfræði og stafsetningu		5%
Moodle-próf	Lotupróf í málfræði og stafsetningu		5%
Verkefni	Heimaverkefni í setningafræði		10%
Krossapróf á Moodle	Krossapróf úr skáldsögunni <i>Spor</i>		5%
Bókarskýrsla	Bókarskýrsla úr skáldsögunni <i>Spor</i>		10%
Verkefni	Heimildaskráning		5%
Ritgerð	Rökfærsluritgerð með heimildum		15%
Próf	Lokapróf		45%
	Samtals:		100%
<p>Annað: Lögð er áhersla á að nemendur skili öllum námsmatsþáttum. Skili nemandi hins vegar ekki rökfærsluritgerð með heimildum fyrirgerir hann rétti sínum til lokaprófs og telst fallinn. Nemandi þarf að fá a.m.k. einkunnina 4,0 á lokaprófi til þess að verkefni og próf á önninni fáið metin. Í lokaprófi má nýta sér hjálpargögnin <i>Handbók um ritun og frágang</i> og flæðirit í orðflokkagreiningu. Hið síðamefnda mun fylgja prófinu. Nemandi þarf að skila ritgerð um tilskilið efni til þess að geta farið í lokapróf.</p>			

Dagsetning:


Undirritun kennara


Undirritun/brautarstj., fagstj eða staðgengils